

97. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
3. 10. 2018 kl. 8:15 – 10:10

Fundur settur kl. 08:15

Fundarstjóri: Kristín Hermannsdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Hugrún Harpa Reynisdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Hrafnkell Guðnason, Eyjólfur Guðmundsson, Þorvarður Árnason, Eyrún Helga Ævarsdóttir og Vilhjálmur Magnússon.

Fjarverandi: Katrín Jónsdóttir, Helga Árnadóttir, Bjarni Guðmundsson og Olga Ingólfssdóttir

1. Samningur Nþ við Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Hugrún Harpa sagði frá fundi sínum með fulltrúa Mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem rædd voru næstu skref varðandi endurnýjun samnings. Stjórn stefnir á að vinna að málinu á vinnufundum í október, forstöðumaður boðar fund.

2. Verkefnastaða Nýheima þekkingarseturs

Hugrún Harpa fór yfir verkefnastöðu komandi vetrar. Verkefnin eru mörg og fjölbreytt og ljóst að starfsemin er að vaxa.

3. Kóðinn samstarf

Vilhjálmur Magnússon sagði frá því að Fab Lab Ísland er að fara í samvinnu með Vísindasmíðju Háskóla Íslands, Háskólasteinni, First Lego League, Nýsköpunardeppni Grunnskólanna og KrakkaRúv í þeim tilgangi að auka áhuga á forritun og tækni. Vilhjálmur ræddi þann möguleika að skapa samstarf um viðburða- og námskeiðshald í tengslum við verkefnið. Stefnt er að því að sækja um í Uppbyggingarsjóð Suðurlands vegna verkefnisins.

4. Föstudagshádegi í Nýheimum

Eyrún sagði frá því að fyrsta föstudagshádegi vetrarins var haldið í síðustu viku. Fulltrúar í menningarteymi Nýheima hafa haldið utan um skráningar. Óskað er eftir að fulltrúar stofnana innan Nýheima leggi til erindi fyrir föstudagshádegini.

5. Teymi Nýheima

Hugrún Harpa rifjaði upp umræðu frá því í vor um að skýra vel markmið og tilgang teymanna. Stjórn leggur til að næstu teymisfundir fjalli um markmið og viðfangsefni hverrar stoðar næstu fimm árin innan Nýheima og samfélagsins.

6. Húsfundur í Nýheimum

Stjórn ræddi efni næsta húsfundar. Ákveðið að hafa vinnufund með „world café“ sniði þar sem viðfangsefnið verður samstarf um menntun, menningu, nýsköpun og rannsóknir til næstu fimm ára. Forstöðumanni falið að finna tímasetningu fyrir fundinn.

7. Önnur mál


Kristín sagði frá boði á ársfund Kirkjubæjarstofu sem verður haldinn 4. október.

Nefndi hún einnig Byggðaráðstefnuna sem haldin verður í Stykkishólmi 16. og 17. október. Formaður stjórnar og forstöðumaður munu fara á ráðstefnuna.

Ragnhildur sagði frá því að 31. október kemur þverfagleg nefnd til Hornafjarðar til að ræða um móton nýrrar menntastefnu „Menntun án aðgreiningar“. Fundur með fulltrúum stjórnsýslu, skóla, foreldra, félags- og heilbrigðissviðs verður líklega haldinn í Nýheimum.

Eyrún nefndi Nýtorg og nýtingu þess til lista og annarrar starfsemi af menningarlegum toga. Umræður sköpuðust um málið.

Fundi slitið klukkan 10:10



Kristín Þórunn Þórssdóttir
Hugrún Harpa Reynisdóttir